



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsbraut 24
D - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skútustaðahreppur
Sigbjörn Gunnarsson
Hlíðavegi 6
660

Reykjavík, 29. júní 2005
Tilvísun: UST20030300155/tb

Efni: Breyting á aðalskipulagi í Skútustaðahreppi

Vísað er í bréf frá Skútustaðahrepp, dags. 15. júní sl., þar sem óskað er eftir samþykki Umhverfisstofnunar við breytingu á aðalskipulagi við Helgavog þar sem iðnaðarsvæði yrði breytt í íbúðarbyggð. Um er að ræða byggingu tveggja einbýlishúsa hvoru á 900 fermetra lóðum.

Inngangur:

Helgavogur er lítill og skjólsæll vogur á austurbakka Mývatns skammt sunnan byggðarinnar í Reykjahlíð. Vogurinn liggur milli Ytri- og Syðri Höfða sem eru gíghólar frá ísöld en niður á milli þeirra að austan er jaðar Jarðbaðshólahrauns sem rann fyrir 2500 árum. Skógi vaxið hraunið liggur niður í voginn og undan því spretta volgar lindir, sem halda Helgavogi íslausum á veturna. Mikið fuglalíf er á Helgavogi. Mest ber á gráöndum (buslöndum), s.s. gargönd, rauðhöfða, urtönd, stökkönd og grafönd, og flórgoði verpir þar jafnan. Skeiðendur sjást oft þarna og verpa þar endrum og eins. Helgavogur er einnig þekktur sem eini fundarstaður vatnasnúðs í Mývatni, snigils (*Gyraulus laevis*) sem er sjaldgæfur á Norðurlandi en finnst á nokkrum stöðum á Suðurlandi. Í heild má segja að Helgavogur sverji sig í ætt við ýmsa friðsæla hraunvoga sem einkenna austurbakka Mývatns. Vogurinn er lítið raskaður ef undan er skilinn vegslóði sem liggur út á tanga sem lokar honum að norðanverðu, en þar stendur dælustöð Kísiliðjunnar. Sandur úr dælustöðinni hefur náð að fylla Hrutavog sem var norðan dælustöðvarinnar. Dæling sands hófst í Helgavog á níunda áratugnum en var stöðvuð vegna verndunarsjónarmiða.

Eins og kemur fram á meðfylgjandi uppdrætti er áhersla lögð á í gildandi aðalskipulagi að halda svæðinu vatnsmegin við þjóðveginn fríu og ekki gert ráð fyrir nýjum byggingarlóðum þeim megin þjóðveggar. Meginsjónarmið í aðalskipulaginu er að raska sem minnst heildarásýnd svæðisins við vatnið. Tilvísun í texta á bls. 65, einnig á meðfylgjandi uppdrætti, á því við um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á bújörðum, óháð búskap, fyrst og fremst utan svæðisins milli þjóðveggar og Mývatns.

Í lögum um verndun Mývatns og Laxár eru þrjú megin atriði lögð til grundvallar við verndun þ.e. verndun líffræðilegrar fjölbreytni, verndun jarðmyndana og verndun landslags.

Sérstaklega er tekið fram að náttúruvernd á svæðinu skuli vera virk einkum með tilliti til vísindalegra, félagslegra og fagurfræðilegra sjónarmiða. Jafnframt var með breytingum á lögum um Mývatn og Laxá lögð áhersla á að vernda vatnasvið vatnsins og árinna. Við tilkomu laga nr. 97/2004 var það svæði sem mest ástæða var talin til að vernda skilgreint sérstaklega sem verndarsvæði. Í greinargerð með frumvarpi þeirra laga kemur eftirfarandi fram: „Hið sérstæða vistkerfi Mývatns og Laxár hlýtur að vera mjög næmt fyrir hvers konar utanaðkomandi truflunum. Það verður aldrei sterkara en veikasti hlekkur þess, og ber því að gæta ýtrustu varúðar í sambandi við hvers konar mannvirkjagerð og atvinnurekstur, sem ætla má að geti haft neikvæð áhrif á náttúrufar svæðisins. Sérstök lagasetning um takmarkaða náttúruvernd á Mývatns- og Laxársvæðinu virðist ekki aðeins réttlæt看leg heldur beinlínis nauðsynleg til þess að auðvelda náttúruverndaraðgerðir á svæðinu.“ Í lögnum er 200 m verndarlína sett allsstaðar umhverfis Mývatn (auk annarra svæða) og með Laxá.

Við útgáfu námaleyfis til handa Kísiliðjunni hf. 7. apríl 1993 er gert ráð fyrir í 11. lið leyfisins að við lok kísilgúrtöku úr Mývatni sé skylt að fjarlægja öll mannvirki á bökkum vatnsins. Í námaleyfinu er því sett fram sú stefna að endurheimta upprunalega vatnsbakka Mývatns eins og hægt er. Þetta á við um þau mannvirki sem eru í Helgavogi.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 97/2004 skal Umhverfisstofnun gera verndaráætlun fyrir landsvæði það sem um getur í 3. mgr. 2. gr. Skal þar m.a. fjallað um nauðsynlegar verndaraðgerðir, friðlýsingu náttúruminja, landnýtingu, umferðarrétt almennings og aðgengi ferðamanna að svæðinu. Verndaráætlunin skal gerð í samvinnu við viðkomandi sveitarstjórnir, hagsmunaaðila og umhverfisverndarsamtök á svæðinu og stofnanir sem starfa lögum samkvæmt á sviði náttúruverndar, vatnsverndar og veiðinýtingar. Verndaráætlunina skal m.a. endurskoða á fimm ára fresti. Vinna við verndaráætlunina er tiltölulega ný hafin og mun í henni einnig verða fjallað um framtíðarhorfur hvað íbúðabyggð varðar.

Færa þarf góð rök fyrir því ef heimila á nýja íbúðabyggð utan þeirra svæða sem þegar eru samþykkt í aðalskipulagi. Sérstaklega svæða sem einnig eru Mývatns megin við þjóðveginn. Um leið þarf að færa góð rök fyrir því að slík byggð stangist ekki á við verndarsjónarmið sem sett eru fram í framangreindum lögum. Þessi rök hafa ekki verið sett fram.

Eins og kemur fram hér að ofan gerir aðalskipulagið ráð fyrir að hægt sé að skipuleggja 3-5 íbúðarhús á hverri jörð og að áhersla er lögð á að halda svæðinu milli þjóðveggar og Mývatns fríu. Um þetta náðist samkomulag í gildandi aðalskipulagi. Á þessu gætu þó verið undantekningar t.d. þar sem byggð er fyrir á minna viðkvæmum svæðum. Það er því skoðun Umhverfisstofnunar að ef auka á íbúðabyggð innan 200 m beltis frá vatninu eigi slík byggð að vera bundin við svæði þar sem íbúðarhús eru fyrir. Það er að byggt er á sama kjarna en íbúðarhúsum ekki dreift á fleiri ný svæði. Stofnunin hefur hins vegar ekki tekið neina afstöðu til þess hvort heimila eigi að auka byggð innan 200 m beltisins en ljóst er að það belti nýtur séstakrar verndar. Við ákvarðanatöku á framangreindu belti þarf að horfa til framtíðar með sammögnunaráhrif og markmið laga um vernd Mývatn og Laxá í huga.

Þau hús sem sýnd eru á teikningum frá Tækniþingi dags. 2. febrúar 2005 eru rétt utan við 50 m línu frá vatninu. Nægt pláss virðist vera fyrir húsin utan 200 m línu frá vatninu, þó breytilegt eftir því hvaðan er mælt, húsin verða nær þjóðvegnum en alls ekki fast við hann og ekki nær en mörg hús í Mývatnssveit.

Niðurstaða:

Með vísan í framangreinda greinargerð og markmið laga um vernd Mývatns og Laxár leggst Umhverfisstofnun gegn því að leyfi verði veitt fyrir íbúðabyggð við Helgavog sbr. innsendar teikningar frá Tækniþingi. Umhverfisstofnun mun í vinnslu verndaráætlunar taka sérstaklega til umfjöllunar, út frá forsendum sem gefnar eru í lögum nr. 97/2004, landnýtingu þ.m.t. íbúðabyggð innan þess svæðis sem talið er upp í 1. mgr. 2. gr. sömu laga.

Ákvörðun þessi er kæránleg til Umhverfisstofnunar á grundvelli 26. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Kæra skal borin upp við ráðherra innan þriggja mánaða frá því að ákvörðun þessi berst yður í hendur, sbr. 27. gr. stjórnsýslulaga.

Virðingarfyllt



Trausti Baldursson



Davíð Egilson